



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038

Samráð hófst

13. júní 2023

Samráð lauk

31. júlí 2023

Fjöldi umsagna

79

Umsagnaraðilar

Alls bárust 79 umsagnir, flestar frá lögaðilum, þ.e. sveitarfélögum, samtökum og atvinnulífi. Alls bárust 22 athugasemdir frá einstaklingum.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Drög að samgönguáætlun 2024–2038 voru birt í Samráðsgátt til umsagnar í júní 2023 og var umsagnarfrestur til 31. júlí, samtals 7 vikur. Samgönguáætlun var í fyrsta sinn lögð fram eftir að hafa verið unnin eftir sporbaug stefnumótunar Stjórnarráðsins. Stefnumótunarferlið hófst í byrjun árs 2021 með vinnslu grænbókar, stöðumats um málaflokkinn ásamt tillögum að valkostum til framtíðar. Í kjölfarið var unnin hvítbók, en í henni birtust drög að stefnu. Við vinnslu beggja bóka voru haldnir opnir fundir í hverjum landshluta, þar sem fram fóru umræður um áherslumál hvers þeirra. Samráðsfundirnir stóðu saman af framsöguerindum og samtali í smærri hópum þar sem þátttakendum gafst færi á að koma áherslum sínum og skoðunum á framfæri. Að endingu fóru bæði grænbókin og hvítbókin í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda.


Umsagnir um drög að samgönguáætlun 2024–2038 voru flestar efnismiklar og komu inn á fjölmargar greinar samgangna. Í umsögnum var lögð áhersla á forgangsöröðun og flýtingu nýframkvæmda vegaframkvæmda og jarðgangaaætlunar sem og uppbyggingu og viðhald innanlandsflugvalla og hafna. Einnig var fjallað um þörfina fyrir viðhald og þjónustu við vegakerfið sem og mikilvægi þess að halda áfram með Loftbrú í innanlandsflugi. Þá kom fram hvatning um að stuðla að fjölbreyttum ferðamátum, einkum almenningssamgöngum og innviðum fyrir hjólandi og gangandi, sem og áhersla á orkuskipti og tækniþróun.

Til að bregðast við umsögnum sem bárust voru eftirfarandi breytingar verið gerðar á tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2034.

- Bætt við lykilviðfangsefni um þarfir fatlaðs fólks í samgöngum.
- Bætt við lykilviðfangsefni um nýsköpun og tækniþróun í samgöngum.
- Bætt við eftirfarandi verkefnum í aðgerðaáætlun samgönguáætlunar 2024-2028:
 - 1.6 Fýsileikakönnun á gerð jarðganga til Vestmannaeyja.
 - 1.7 Tækniþróun í samgöngum.
 - 5.7 Endurskoðun á vinnureglum vetrarþjónustu.

Gerð er grein fyrir framtíðarsýn varðandi orkuskipti í ferjum í greinargerð. Á síðari hluta samgönguáætlunar, 2029-2038 er gert ráð fyrir kaupum eða nýsmíði ferja með áherslu á orkuskipti.

Mynd 1



Flugmál

Nokkrar athugasemdir bárust við drög að samgönguáætlun 2024-2038 vegna varaflugvallagjalds. Alþingi samþykkti á síðasta þingi lagafrumvarp um rekstur og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsöguþjónustu og verður varaflugvallagjald innheimt á grundvelli þessarar lagasetningar.

Í umsögnum var upptöku varaflugvallagjalds bæði fagnað og mótmælt en einnig bárust athugasemdir í þá átt að gjaldið fari óskert til skilgreindra flugvalla. Varaflugvallagjaldinu er ætlað að tryggja fjármagn til uppbyggingar innviða á varaflugvöllum svo þeir geti sinnt hlutverki sínu sem mikilvægar gáttir inn í landið og sem varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll. Á Egilsstöðum liggur t.d. fyrir stórt verkefni við uppbyggingu á flughlaði og akbraut. Á Akureyri er gert ráð fyrir stækkun flugstöðvar og í Reykjavík endurbyggingu flugstöðvar. Áfram verður unnið að uppbyggingu annarra flugvalla og landingarstaða vegna áætlunar-, sjúkra-, og almannaflugs. Varaflugvallagjaldið er grundvallar forsenda fyrir fyrirhuguðum auknum framlögum til flugmála og því að framangreind uppbygging geti átt sér stað.

Nokkrar athugasemdir bárust vegna Loftbrúar og var ánægja með verkefnið og mikilvægi þess undirstrikað. Athugasemdir voru einnig í þá átt að auka fjármagn til verkefnisins og fjölga flugleggjum. Ráðuneytið telur ekki tilefni til breytinga á áætlun um Loftbrú að svo stöddu enda gert ráð fyrir því í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 að Loftbrúin festi sig í sessi og þar með verði að töluverðu leyti bætt úr þjónustu og aðgengi fyrir landsbyggðina að innanlandsflugi til framtíðar.

Vegamál

Margar umsagnir bárust um vegamál og kölluðu þær flestar eftir því að framkvæmdum yrði flýtt eða fjármagn til þeirra aukið. Einnig fjölluðu nokkrar umsagnir um að stytta þyrfti leiðir og endurskoða forgangsöröðun til verkefna.

Í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 er gerð tillaga um margar mikilvægar vegaframkvæmdir sem hafa margþættan samfélagslegan ávinning í formi aukins öryggis, styttingu leiða og minni umhverfisáhrifa. Meðal mikilvægra aðgerða má nefna mikla fækkun einbreiðra brúa, aðskilnað akstursstefna á umferðamiklum vegum auk mikillar uppbyggingar á þjóðvegum víða um land. Þá verða framlög stóraukin til viðhalds vega til að koma til móts við uppsafnaða viðhaldsþörf í samgönguinnsviðum. Haldið verður áfram með átak í lagningu bundins slitlags á tengivegi og áfram verður unnið að uppbyggingu hjóla og göngustíga um land allt.

Ráðuneytið taldi ekki ástæðu til breytinga á drögum að samgönguáætlun 2024-2038 hvað varðar vegamál að svo stöddu. Drög að samgönguáætlun 2024-2038 voru lögð fram með hliðsjón af fjármálaáætlun fyrir árin 2024 – 2028 en í þeirri áætlun er áhersla lögð á að halda aftur af ríkisútgjöldum og draga úr þenslu í þjóðfélaginu. Ef svigrúm til ríkisútgjalda eykst á ný á komandi árum mun það hafa jákvæð áhrif á ramma samgönguáætlunar og forgangsöröðun verkefna og viðhalds, t.a.m. í vegakerfinu.

Jarðgangaáætlun:

Ábendingar bárust vegna jarðgangaáætlunar og snéru flestar þeirra að forgangsöröðun, auknum fjárframlögum og flýtingu framkvæmda.

Í jarðgangaáætluninni eru sett fram áform um árlega fjárfestingu, utan fjárhagsramma, á bilinu 12-15 milljarða kr. í jarðgangagerð til ársins 2038. Fjármögnun þeirrar fjárfestingar er hluti af heildstæðri endurskoðun tekjuöflunar af farartækjum og umferð. Sú endurskoðun er unnin á vettvangi sameiginlegrar verkefnisstofu innviðaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Fjármögnun jarðgangaáætlunar, m.a. mun taka mið af niðurstöðum verkefnisstofunnar.

Í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 er sett fram langtíma jarðgangaáætlun. Jarðgöngin eru öll lykil framkvæmdir þegar kemur að því að bæta búsetuskilyrði og veita umferð fram hjá hættulegum fjallvegum. Um er að ræða flest þau jarðgöng sem komið hafa til umfjöllunar á síðustu árum og er stefnt að því að allir jarðgangakostir komi til framkvæmda á næstu 30 árum.

Til að bregðast við umsögnum sem bárust var lögð til breyting á drögum að samgönguáætlun 2024-2038 sem birtist í lið 1.6. *Fýsileikakönnun á gerð jarðganga til Vestmannaeyja*. Skipaður hefur verið starfshópur sem hefur það hlutverk að leggja mat á

fýsileika jarðganga milli lands og Vestmannaeyja. Metnar verði mögulegar útfærslur og arðsemi og rannsóknir og annar undirbúningur vegna mögulegra framkvæmda verði kostnaðarmetinn.

Að öðru leyti telur ráðuneytið ekki tilefni til frekari breytinga á drögum að samgönguáætlunum 2024-2038 varðandi jarðgangaáætlun að svo stöddu. Þær ábendingar sem snúa að jarðgangaáætlun munu þó áfram nýtast t.a.m. við gerð fjármála- og samgönguáætlunar.

Þjónusta á vegum:

Þó nokkrar umsagnir bárust vegna vetrarþjónustu á vegum með áherslu á mikilvægi þessarar þjónustu fyrir umferðaröryggi. Byggt á þeim umsögnum sem bárust var bætt við verkefni í aðgerðaáætlun samgönguáætlunar 2024-2028, *5.7 Endurskoðun á vinnureglum vetrarþjónustu*. Í því felst að unnin verði yfirferð á gildandi vinnureglum í vetrarþjónustu á þjóðvegum landsins. Við endurskoðunina verða vegir skoðaðir eftir tegund, umferðarmagni og öðrum hagsmunum vegna flutningsleiða, atvinnusvæða, skólaaksturs, ferðaþjónustu o.s.frv. Unnið verði í samstarfi við fulltrúa sveitarfélaga, atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila.

Að öðru leiti á hið sama við um þjónustu á vegum og vegamál, þ.e. að aukist svigrúm til útgjalda mun það hafa jákvæð áhrif á ramma samgönguáætlunar og m.a. framlög til vetrarþjónustu.

Hafnir:

Nokkrar umsagnir bárust vegna uppbyggingar hafna og sjóvarna. Flestar þeirra fjölluðu um að auka þyrfti fjárfraðlög til að flýta framkvæmdum bæði vegna aukinna umsvifa í starfsemi hafna og öryggissjónarmiða.

Fraðlög til hafna um land allt eru nokkuð hærri í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 en í gildandi samgönguáætlun. Þær umsagnir sem snúa að hafnamálum og ekki verður hægt að verða við að svo stöddu munu þó áfram nýtast t.a.m. við gerð fjármála- og samgönguáætlunar.

Annað

Umsagnir bárust um fleiri atriði en talin eru upp hér að ofan. Margar þeirra voru í þá átt að auka fraðlög til einstakra verkefna eða þjónustubátta eða að framkvæmdum verði flýtt.

Nýjar áherslur tengdar orkuskiptum, tækniþróun, almenningssamgöngum, hjólreiðum og göngum komu einnig fram í umsögnunum. Byggt á þeim umsögnum var lykilviðfangsefni¹⁵ um nýsköpun og tækniþróun í samgöngum bætt við drög að samgönguáætlun 2024-2038. Í því felst að mótað verði verklag um vöktun og innleiðingu tæknilausna með það að markmiði að þær nýtist við að stuðla að framförum í samgöngum.

Uppfærðar tillögur til fimmtán ára samgönguáætlunar 2024-2038 eru nú til meðferðar hjá Alþingi.

Innviðaráðuneytið vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í samráðsferli samgönguáætlunar fyrir árin 2024–2038.